



Reglur Fagdeildar slökkviliðsmanna

(innan LSS)

I. Kafli: Heiti deildar og tilgangur.

1. grein.

Heiti deildarinnar er “Fagdeild slökkviliðsmanna” skammstafað LSS – FSM

2. grein.

Deildin er fagdeild og tilgangur hennar er einkum eftirfarandi:

1. Að sameina í eina fagdeild alla slökkviliðsmenn innan LSS sem hafa fengið löggildingu á starfsheitinu “slökkviliðsmaður” útgefnu af Umhverfisstofnun umhverfisráðherra samkvæmt lögum um brunavarnir nr. 75/2000.
2. Að vera stjórn LSS til ráðgjafar um alla þá þætti er varðar málefni slökkviliðsmanna, önnur en kjaramál.
3. Að tilnefna fulltrúa í stjórn LSS og einn til vara. (með fyrirvara um breytingar á lögum LSS á landsþingi 2012).
4. Að tilnefna fulltrúa á þing LSS og í þær nefndir og ráð sem fjalla um slökkviliðsmenn samkvæmt lögum LSS.
5. Að efla fræðslu og kynningu um fagleg málefni og önnur þau atriði er varðað geta hagsmuni slökkviliðsmanna, ásamt því að vinna að aukinni starfsmenntun og starfsþjálfun þeirra.
6. Að stuðla að aukinni þekkingu almennings um brunavarnir.
7. Að standa að bættu skipulagi um menntun, öryggi og störf slökkviliðsmanna.

II. Kafli: Aðild að fagdeildinni.

3. grein.

Rétt til aðildar að fagdeildinni hafa félagsmenn LSS sem eru slökkviliðsmenn.

4. grein.

Um úrsögn úr deildinni gildir sama og um úrsögn úr LSS.

III. Kafli: Réttindi og skyldur félagsmanna.

5. grein.

Öllum félagsmönnum ber að hlýta reglum deildarinnar, fundarsköpum og fundarsamþykktum



6. grein.

Félagsmanni ber að jafnaði að taka við því trúnaðarstarfi fyrir deildina sem hann kann að vera kosinn eða skipaður til að gegna. Sá félagsmaður sem gegnt hefur trúnaðarstörfum fyrir deildina í fjögur ár eða lengur samfleytt, getur skorast undan endurkjöri í jafn langan tíma.

Samþykkt á 13. þingi LSS, Reykjavík, 17. apríl 2010.